

11 Samstarf við önnur skólastig og grenndarsamfélagið

11.1 Samstarf við leikskóla

Ölduselsskóla hefur átt í góðu samstarfi við leikskóla hverfisins í mörg ár. Samstarfið felst m.a. í sameiginlegum fundum stjórnenda grunnskólanna og leikskólanna í Seljahverfi og gagnkvæmum heimsóknum starfsfólks. Þá eru skipulagðar heimsóknir verðandi 1. bekinga í skólann. Reynt er eftir megni að sameyna starfsdaga skóla og leikskóla hverfisins. Þá hefur skapast sú hefð að nemendur í 7. bekk koma og lesa fyrir nemendur í leiksskólum hverfisins vegna Dags íslenskrar tungu í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina.

Viðamikilið þróunarstarf fór fram á árunum 1998-2000 sem var samstarfsverkefni leikskólanna og grunnskólanna í Seljahverfi. Afraksturinn af þeirri vinnu var matsheftið Gengið yfir brúna. Hér er um að ræða tæki til að framkvæma mat á elstu börnum leikskólans í samvinnu við foreldra. Heftinu er ætlað að vera stuðningsgagn fyrir barnið sem fylgir því frá leikskólastigi og yfir á grunnskólastigið.

Reynsla sem nú er komin á heftið Göngum yfir brúna er mjög góð og hefur það hjálpað kennurum í þeirri viðleitni að taka á móti hverjum nemanda í samræmi við hans þarfir. Heftið er endurskoðað á hverju ári.

11.2 Samstarf milli grunnskóla

Ölduselsskóli hefur gert formlegan samstarfssamning við fjóra grunnskóla í Reykjavík en það eru nágrannaskólarnir í Breiðholti, Breiðholtsskóli, Fellaskóli, Hólabrekkuskóli og Seljaskóli þar sem leiðarljós samstarfsins er að efla faglegt starf skólanna með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Hér eftirfarandi er samningurinn sem ríkir á milli skólanna. Áformað er að skólarnir vinni að sameiginlegum Öndvegisskóla fyrir nemendur þar sem nemendur eiga kost á nýjum námstækifærum þvert á skólanna.

Samstarfsyfirlýsing grunnskóla í Breiðholti

Grunnskólarnir í Breiðholti, Breiðholtsskóli, Fellaskóli, Hólabrekkuskóli, Seljaskóli og Ölduselsskóli hafa það lögbundna hlutverk, í samvinnu við heimilin, að stuðla að alhliða þroska nemenda sinna. Hafa skólarnir sammælt um að hafa með sér samstarf á sem flestum þeim sviðum sem eftir getur faglegt starf skólanna. Er það gert með hagsmuni nemenda að leiðarljósi og snertir jafnt nám þeirra, félagslega vellíðan og öryggi. Nær samstarfið til fjögurra vídda sem ná til; nemenda, verklags, mannauðs og grenndarsamfélags.

Nemendur:

Í hverjum skóla er nemandinn í öndvegi. Mikilvægt er að komi til flutnings nemenda milli skóla í hverfinu valdi það sem minnstum óþægindum fyrir nemandann hvað varðar námsframvindu og er samstarf um námskrárgerð liður í því. Þegar til slíkrar tilfærslu nemenda milli skóla kemur hafa skólarnir með sér samráð með tilheyrandi upplýsingaflæði milli viðkomandi skóla. Við skólaskipti skal að öllu jöfnu hafa skilafund með aðkomu beggja skóla og forráðamanna nemandans.

Verklag

Samvinna starfsfólks í grunnskólum Breiðholts er sjálfsagður og nauðsynlegur þáttur skólastarfs sem skólarnir hvetja til og styðja við það með markvissum hætti. Skólarnir hafa samstarf um námskrágerð og ákveðna samræmingu náms með það að leiðarljósi að nemendum í Breiðholti bjóðist sambærilegt nám í skólunum fimm. Þess er þó gætt að hver skóli geti áfram haft sín sér einkenni og áherslur.

Mannauður:

Skólarnir gera sér far um að styrkja lærdómssamfélag í Breiðholti. Gott lærdómssamfélag verður aðeins til fyrir tilstilli góðrar og faglegrar samvinnu kennara og annarra fagstétta skólanna þar sem ríkir traust, vandvirkni, virðing og heiðarleiki í hvívetna. Slíkt samstarf er eðlilegt fyrir framþróun skólastarfs og eykur árangur nemenda.

Í Breiðholti þykja gagnkvæmar heimsóknir starfsfólks grunnskólanna milli skóla mikilvægar auk þess sem kappkostað er að nýta eftir föngum tækifæri til sameiginlegrar fræðslu og námskeiða.

Grenndarsamfélag:

Samvinna við heimili og grenndarsamfélag er mikilvægur þáttur skólastarfs sem skólarnir leggja rækt við og styðja eftir föngum. Skólarnir hvetja til samveru og samstarfs allra foreldra í Breiðholti, ekki hvað síst foreldra af erlendum uppruna. Þá hvetja skólarnir foreldrafélög skólanna til aukins samstarfs t.d. hvað varðar fræðslufundi og námskeiðahald.

Allir grunnskólar í Breiðholti njóta þjónustu frá Þjónustumiðstöð Breiðholts sem miðar að því að veita fjölskyldum heildstæða þjónustu í hverfinu.

11.3 Samstarf við safnskóla/framhaldsskóla

Ölduselsskóli hefur verið í samstarfi við Fjölbrautaskólann í Breiðholti undanfarin 6 ár um kennslu fyrstu áfanga framhaldsskólans í ensku og stærðfræði. Í unglingságeild hefur um þriðjungur hvers árgangs lokið grunnskólanámi í þessum greinum við lok 9. bekkjar og bauðst þá að taka fyrstu áfanga framhaldsskóla í 10. bekk. Skipulag þess náms var í höndum Fjölbrautarskólans í Breiðholti (FB). Nemendur tóku þar af leiðandi sambærileg próf og verkefni og nemendur FB en kennsla fer fram í Ölduselsskóla. Kennarar komu annað hvort frá FB eða kennarar Ölduselsskóla voru í nánú samstarfi við kennara FB. Nú er svo komið að vegna fækkunar í árgöngum er þetta fyrirkomulag í námsframboði ekki lengur möguleiki. Þeir nemendur sem eru nú þegar í hraðferð halda áfram en nemendur sem hefja nám í 8. bekk í haust eiga ekki tækifæri á þessu námsframboði. Fyrirhugað er samstarf við FB um valáfanga í FabLab á skólaárinu 2015-2016

Þá hefur Ölduselsskóli einnig verið í góðu samstarfi við Fjölbrotarskólann við Ármúla og Verkmenntaskólann á Akureyri til margra ára. Hafa þar margir nemendur tekið valfög í fjarnámi og almennt gengið vel.

Þá hefur sú hefð skapast að þeir nemendur sem víkja að einhverju leyti frá hefðbundnum námskröfum er fylgt eftir í þann framhaldsskóla sem þeir fara í með fundi námsráðgjafa beggja skóla til þess að skólavist þeirra í framhaldsskóla verði sem farsælust.

11.4 Samstarf við tónlistarskóla

Ölduselsskóli hefur átt í samstarfi við Tónskóla Eddu Borg frá árinu 2009. Þeir nemendur sem þess óska (í samráði við tónskólann) geta sótt tíma hér á skólatíma en kennari frá tónskólanum kemur í skólann og kennir nemendum í tónlistarherbergi skólans.

Einnig hefur skólinn lengi verið í samstarfi við Lúðrasveit Árbæjar og Breiðholts en nemendur sveitarinnar sem eru hér í skóla sækja einkatíma hér í skólanu